

Ed.

285. Frumvarp

til laga um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbyggju.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps veitist heimild til að láta eignarnám fara

fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbyggju og byggingar og svæði í sambandi við bryggjuna.

Undanteknar eru þó hafnarbyggjur þær, sem fyrir eru, og vörugeymslúhús við bryggjurnar. Þessi mannvirki má ekki taka eignarnámi, nema ný lagaheimild komi til.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhóllum mönnum, er ekki eiga sæti í hreppsnefndinni.

Sveitarsjóður Hvanneyrarhrepps greiðir allan matskostnað.

Nú vill aunaðhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið.

3. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er trygt hefir verið nægilegt fje til hafnarbyggjugarinnar.